Ed. **147. Nefndarálit**

um frv. til l. um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá sjávarútvegsnefnd

Nefndin hefur haft til athugunar frumvarp á þskj. 64, ásamt breytingum þeim, sem gerðar voru á því í Nd. samkv. þskj. 124. Hefur hún ýtarlega rætt málið og orðið sammála um, að rétt sé eftir atvikum að leggja til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt eins og Nd. hefur gengið frá því, þar sem allar breytingartillögur mundu torvelda framgang málsins á þessu þingi og ef til vill stöðva það. Nefndin vill hins vegar benda á, að hún telur brýna nauðsyn á því, að rannsakað sé til hlítar, áður en hafizt er handa um byggingu þessara framkvæmda, hvort heldur er í heild eða hverri verksmiðju út af fyrir sig, hvar hyggilegast sé að reisa verksmiðjurnar, og jafnframt hvort æskilegt sé, að þær séu reistar sem einnar samstæðu verksmiðjur eða sem stig- og fjölsamstæðuverksmiðjur. Við þá rannsókn ber að taka til greina möguleikana til þess að hagnýta sem bezt allt hráefni, sem til fellur jafnt í smáum stíl sem stórum, atvinnuþörf héraðanna, dreifingu vinnuaflsins og afkomumöguleika sjálfra fyrirtækjanna. Þá vill nefndin einnig benda á, að nauðsynlegt sé að rannsaka til hlítar möguleika alla fyrir kælingu síldarinnar í sérstökum þróm, þar sem slíkt hefur óneitanlega þann kost í för með sér, að starfstíma verksmiðjanna mætti lengja að miklum mun og jafnframt spara mikið fé í stofnkostnaði.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti slíkar rannsóknir fara fram, áður en hafizt er handa um byggingu verksmiðjanna, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt eins og Nd. hefur gengið frá því.

Alþingi, 27. ágúst 1942

Gísli Jónsson, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason.